



Frétt af www.bb.is :

Á sunnudaginn 31.janúar verður skotípróttahúsið á Torfnesi á Ísafirði opnað og verður opið hús af því tilefni. Húsið er í áhorfendastúkunni við grasvöllinn á Torfnesi. Tilkoma skotípróttahússins gjörbyltir allri aðstöðu til skotípróttaiðkunar og bogfimi í Ísafjarðarbæ. Stjórn Skotípróttafélags Ísafjarðarbæjar vonast til að sem flestir sjái sér fært að koma og samfagna þessum tímamótum í starfsemi félagsins og kynna sér aðstöðuna. Gestum gefst kostur á að reyna sig við bogfimi, sér að kostnaðarlausu.

Allir eru velkomnir og húsið verður opið frá kl. 13 til kl. 15.

smari@bb.is